

Fréttir af markaði


Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs rúmlega 2,5 milljörðum króna í maí. Þar af voru rúmir 1,8 milljarðar vegna almennra lána og rúmar 700 milljónir vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins drögust því saman um tæplega 11% frá fyrra mánuði. Heildarútlán sjóðsins á fyrstu fimm mánuðum ársins nema tæpum 14,8 milljörðum, sem eru um 26% minni útlán en fyrir sama tímabil ársins 2008.

Þann 11. maí hélt Íbúðalánasjóður þriðja útböð íbúðabréfa á árinu 2009. Alls bárust tilboð fyrir 12,06 milljarða að nafnverði og ákveðið var að taka tilboðum að nafnverði 750 milljónir króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 4,41% án þóknunar, 1,1 milljarða króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,30% án þóknunar og 1,6 milljarða króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,10% án þóknunar. Útlánsvextir sjóðsins lækkuðu um 0,2% í kjölfarið. Nýir vextir íbúðalána verða því 4,70% með uppgreiðsluákvæði og 5,20% án uppgreiðsluákvæðis. Vaxtaákvörðunin tók gildi þann 12. maí 2009.

Heildarvelta íbúðabréfa í maí nam tæplega 64,3 milljörðum sem er 46% meiri velta en í fyrri mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur 332,5 milljörðum það sem af er árinu 2009.

Vanskil lána Íbúðalánasjóðs voru rúmar 800 milljónir króna í maí. Hlutfall vanskila af heildarútlánnum sjóðsins er nú 0,14% og er það aukning frá byrjun árs en 1. janúar s.l. var hlutfallið 0,10%. Undirliggjandi lán þeirra vanskila sem um ræðir eru ekki skilgreind sem vanskil, heldur aðeins þeir gjald dagar sem eru ógreiddir, enda eru lán í vanskilum ekki gjaldfelld skv. reglum.


Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu um 701 milljón króna í maí og var stærstur hluti þeirra afborgana vegna húsnæðisbréfa.




Flokkur	Mar. 2009	Apr. 2009	Maí 2009	Meðal líftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	6,55%	6,01%	3,92%	2,7	82,3	49,0
HFF24	5,77%	5,30%	3,94%	6,7	151,5	122,8
HFF34	4,87%	4,54%	4,01%	10,6	150,8	134,8
HFF44	4,56%	4,33%	4,02%	13,5	232,0	219,6

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok maí '09.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í HFF14, 7,2 ma. króna í HFF24 7,2 ma. í flokki HFF34 og HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Vextir íbúðalánasjóðs 2005-2009



Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma. ISK)



Mánaðarleg heildarútlán íbúðalánasjóðs



Útböð, útlán og greiðslur íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2009

Í milljörðum króna	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2009	Raun jan-maí 2009
Útgáfa íbúðabréfa	8-10	3,5	33-38	9,3
Samtals ný útlán ÍLS	10-12	5,4	41-47	14,8
Greiðslur ÍLS	14-16	7,1	59-65	25,2

Endurskoðuð áætlun 2009

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2009
Útgáfa íbúðabréfa	6	8-10	10-12	9-10	33-38
Ný útlán ÍLS	9	10-12	12-14	10-12	41-47
Greiðslur ÍLS	18	14-16	13-15	14-16	59-65

Útböð íbúðabréfa

